

Ed.

222. Frumvarp

til laga um breyting á 21. gr. fátækralaganna 31. maí 1927.

(Eftir 3. umr. i Nd.)

1. gr.

21. gr. fátækralaganna orðist svo:

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgara-
rjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, er hann hefir dvalist í 2 ár samfleytt
búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann ekki á þeim
árum þegið sveitarstyrk, endurkræfan eða óendurkræfan.

Et maður hefir þegið sveitarstyrk, en vinnur sjer sveit síðar í öðrum
hreppi eða kaupstað og þiggur þar einnig styrk, þá fellur niður endurgjalds-
krafa þess sveitarfjelags, sem fyr veitti styrkinn.

Á sama hátt fer, þótt hann þiggi ekki styrk í hinni nýju framfærslu-
sveit sinni, ef efnahag hans er þannig háttað, að áliti lögreglustjóra þar sem hann
er búsettur, að hann geti ekki endurgreitt styrk sinn án þess að verða
styrksþurfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.